

Ed. 684. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. málsgrein 1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna „Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú“ komi: „Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins hefur óskað eftir því við iðnaðarráðuneytið, að framleiðendur lagmetis falli undir Iðnlánasjóð hvað stofnlán áhrærir. Stjórn Iðnlánasjóðs hefur fyrir sitt leyti samþykkt þá skipan mála og hefur enda veitt framleiðendum stofnlán, bæði til vélvæðingar og húsbýgginga. Hins vegar hafa skattyfirvöld, sem annast álagningu iðnlánasjóðsgjalds, talið lagmetisiðnaðinn sem fiskiðnað vera undanþegin greiðslu gjaldsins, en samkvæmt lögum um Iðnlánasjóð ganga þeir fyrir um lánveitingar úr sjóðnum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald.

Af þessum ástæðum er lagabreyting sú, sem í frumvarpi þessu felst, nauðsynleg til að gera lagmetisiðnaðinn fortakslaust iðnlánasjóðsgjaldskyldan og þar með lánhæfan úr iðnlánasjóði.

Greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Samferða frumvarpi þessu er framvarp til laga um breyting á lögum nr. 48 frá 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins þess efnis að fella niður útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.